

Hafnarfjarðarbær
Strandgötu 6
220 Hafnarfirði

Garðabær, 28. ágúst 2025
202507-0094/A.B.
08.02

Efni: Tillaga - Deiliskipulag - Tillaga - Hellnahraun 4. Áfangi Hafnarfjarðarbær.

Vísað er í erindi skipulagsfulltrúa Hafnarfjarðarbæjar vegna skipulagslýsingar fyrir breytingu á aðalskipulagi og nýtt deiliskipulag fyrir 4. áfanga Hellnahrauns sem barst Náttúruverndarstofnun 17. júlí 2025.

Í skipulaginu er gert ráð fyrir um 37 ha uppbyggingu á léttum iðnaði og þjónustustarfsemi á svæði sem nú er að mestu ósnert hraun, að hluta Selhraun og Kapelluhraun. Svæðið liggur að útivistarsvæðum og náttúrulegu hraunum, og samkvæmt umhverfisskýrslu verður veruleg röskun á jarðmyndunum.

Jarðmyndanir og vernd samkvæmt 61. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd

Í greinargerð kemur fram að innan skipulagssvæðisins eru jarðmyndanir frá nútíma, Kapelluhraun og Selhraun, sem falla undir ákvæði 61. gr. náttúruverndarlaga, sem njóta sérstakrar verndar. Þar að auki eru leifar gervígiga af eldri efnistökusvæðum, sem hefur þegar orðið fyrir röskun.

Í 61. gr. laganna er kveðið á um sérstaka vernd þeirra vistkerfa og jarðminja sem taldar eru upp í 1. mgr. og 2. mgr. sama ákvæðis. Samkvæmt 3. mgr. ákvæðisins ber að forðast röskun þeirra náttúrufyrirbæra, sem undir greinina falla, nema brýna nauðsyn beri til og ljóst að aðrir kostir séu ekki fyrir hendi. Í greinargerð með frumvarpi til laga um náttúruvernd er með orðalaginu „brýn nauðsyn“ lögð áhersla á að einungis mjög ríkir hagsmunir geti réttlætt röskun og þá fyrst og fremst brýnir almannahagsmunir.

Í greinargerð sveitarfélagsins kemur fram að „það er brýn nauðsyn að bærinn bjóði upp á nýjar atvinnulóðir, ekki einungis til að laða að ný fyrirtæki heldur einnig til að tryggja áframhaldandi starfsemi þeirra fyrirtækja sem þurfa að víkja af þróunarsvæðum“.

Þó hugtakið sé notað, er ekki skýrt hvort sveitarfélagið líti svo á að framkvæmdin teljist uppfylla skilyrði 61. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd, þar sem gerð er krafa um að um sé að ræða brýna nauðsyn í almannapágu, að aðrir valkostir hafi verið kannaðir og að lagt hafi verið mat á verndargildi þess svæðis sem raska á.

Náttúruverndarstofnun bendir á að hraun njóta sérstakrar verndar samkvæmt 61. gr. ef þau hafa enn varðveitt þau einkenni sem mynda verndargildi þeirra. Eldri hraun sem eru að öllu leyti sandorpin eða hulin jarðvegi og gróðri og ekki lengur greinanleg sem hraun, hafa að öllu jöfnu tapað þessu verndargildi. Það á hins vegar ekki við um svæði þar sem enn eru sýnileg hrauneinkenni, svo sem úfið yfirborð, hraunbollar, gjótur og mosavaxið hraun – og kemur fram í skýrslu að slík einkenni séu víða til staðar á framkvæmdasvæðinu, einkum í Selhrauni.

Af lýsingu sveitarfélagsins verður ráðið að jarðmyndanir á svæðinu séu misraskaðar. Selhraun telst minna raskað en Kapelluhraun, sem hefur orðið fyrir efnistöku. Með hliðsjón af þessu hefði verið tilefni til að meta sérstaklega hvort unnt væri að beina framkvæmdum að þegar röskuðum svæðum og þar með forðast rask á þeim hluta hraunsins sem hefur verndargildi skv. 61. gr. náttúruverndarlaga.

Í umhverfisskýrslu kemur ekki fram að farið hafi fram kortlagning á verndargildi hraunsins í heild. Ekki liggur fyrir greining á hlutfalli óraskaðs hrauns né mat á því hvort hraunhellar séu til staðar, sem einnig njóta verndar samkvæmt ofangreindu ákvæði náttúruverndarlaga.

- Mikilvægt er að slíkt mat sé unnið við vinnslu skipulagstillögunnar.

Náttúruverndarstofnun leggur áherslu á að framkvæmdaleyfi sem gefin eru út á svæðum sem falla undir 61. gr. skuli ekki veitt nema liggi fyrir rökstutt mat á verndargildi, nauðsyn og valkostum.

Virðingarfyllt,

Axel Benediktsson

sérfræðingur

Ingibjörg Marta Bjarnadóttir

sérfræðingur